

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 259/1986. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Kjartani Gunnarssyni

Eiriki Ingólfssyni og

Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Útvarpslög. Fjarskiptalög. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. september 1986 að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 6. febrúar 1987.

Sannað er að ákærðu stóðu að stofnun útvarpsstöðvar og útsendingu útvarpsefnis svo sem í ákæru greinir. Varðaði það atferli á þeim tíma við 2. gr. sbr. 24. gr. útvarpslaga nr. 19/1971. Síðan brot ákærðu var framið hafa útvarpslög nr. 68/1985 leyst lög nr. 19/1971 af hólmi. Samkvæmt þeim skal Ríkisútvarpið annast útvarp, en sú breyting er gerð frá fyrri lögum að heimilað er að veita öðrum leyfi til útvarpsrekstrar, 2. gr. laganna. Þá eru refsíákvæði laganna með öðrum hætti en hinna eldri laga. Í 37. gr. laga nr. 68/1985 er refsing lögð sérstaklega við brotum gegn tveimur greinum laganna (33. og 25. gr.), en síðan segir í 3. mgr.: „Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga“, og er ákvæði þetta ekki skýrt nánar. Verður þó að telja að heimildarlaus útvarpsstarfsemi varði nú við 1. mgr. 186. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ber því samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga að sakfella ákærðu samkvæmt því ákvæði, þó að því athuguðu að eigi verði dæmd þyngri refsing en orðið hefði eftir ákvæðum laga nr. 19/1971.

Í ákæru er atferli ákærðu einnig talið varða við 2. gr. sbr. 24. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti. Þau lög fjalla um fjarskipti almennt, en útvarpslög nr. 19/1971 og nr. 68/1985 um tiltekna

tegund fjarskipta, þ.e. útvarpsrekstur. Tæma því ákvæði útvarpslaga sök að því er varðar atferli ákærðu, þannig að refsíákvæði fjar-skiptalaga verður ekki beitt jafnframt refsíákvæðum útvarpslaga.

Eigi verður talið að það sé andstætt 72. gr. stjórnarskrárinnar að takmarka rétt manna til útvarpsrekstrar með þeim hætti sem gert hefur verið í útvarpslögum. Þá verður eigi fallist á að atferli ákærðu sé refsilaust vegna neyðarréttarsjónarmiða. Eigi verður heldur talið að einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpsrekstrar hafi fallið niður við það að útsendingar lágu að nokkru leyti niðri svo sem lýst er í héraðsdómi.

Refsing hvers hinna ákærðu verður ákveðin 25.000,00 króna sekt til ríkissjóðs en vararefsing hverrar sektar 12 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og um upptöku, en upptökuákvæðið styðst nú við 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Kjartan Gunnarsson, Eiríkur Ingólfsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, greiði hver um sig 25.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað hverrar sektar ef þær verða ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærðu greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og máls-varnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1986.

Ár 1986, mánudaginn 3. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 66-68/1986: Ákærvaldið gegn Kjartani Gunnarssyni, Eiríki Ingólfssyni og Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, sem tekið var til dóms 15. f.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. janúar f.á., á hendur ákærðu Kjartani Gunnarssyni framkvæmdastjóra, Ásvallagötu 17, Reykjavík, fæddum 4. október 1951 þar í borg, Eiríki Ingólfssyni nema, Háuhlíð 14, Reykjavík, fæddum 3. júlí 1960 þar í borg og Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, Hjallabrekku 13, Kópavogi, fæddum 19. febrúar 1953 í Reykjavík.

Í ákærunni segir að málið sé höfðað á hendur ákærðu, „fyrir brot á útvarpslögum og lögum um fjarskipti, með því að hafa, þrátt fyrir fulla vitneskju um einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpi og einkarétt ríkisins á uppsetningu fjarskiptavirkja, sammælst um stofnun og rekstur útvarpsstöðvar í Reykjavík undir nafninu „Frjálst útvarp“, og síðan miðvikudaginn 3. október 1984, hafið útsendingar útvarpsfnis í tali og tónum til viðtöku fyrir almenning og haldið því áfram daglega fram til miðvikudagsins 10. október 1984, að hald var lagt á tækjabúnað útvarpsstöðvarinnar að Austurbrún 2, Reykjavík, og útsendingu var hætt.

Framanlýst atferli ákærðu telst varða við 2. gr., sbr. 24. gr. útvarpslaga nr. 9, 1971 og 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. gr. 23. gr. laga um fjarskipti nr. 73, 1984.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að sæta samkvæmt 24. gr. útvarpslaga og 1. mgr. 23. gr. laga um fjarskipti upptöku á tækjabúnaði þeim sem hald var lagt á samkvæmt framansögðu, þ.e. þremur segulböndum, einum straumgjafa, einum blandara, einum sendi, einum hljóðnema, einum standbylgjumæli, einni viftu, tveimur framlengingarsnúrum, einni sammiðjunsúru, fjórum snúrum og loftneti ásamt 10-15 metrum af sammiðjustreng, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Síðdegis hinn 3. október 1984 bárust radióeftirliti Landssímans fréttir um að ólögleg útvarpsstöð væri með sendingar í Reykjavík. Fóru tveir starfsmenn radióeftirlitsins þegar af stað til leitar og miðuðu stöðina út. Reyndist sendingin koma frá húsi Sjálfstæðisflokksins að Háaleitisbraut 1, en auglýsingasími útvarpsstöðvarinnar var gefinn upp í útsendingu hjá auglýsingastofu Ólafs Stephensen í greindu húsi. Héldu eftirlitsmennirnir því að húsinu í fylgd tveggja lögreglumanna. Í anddyri hússins var staddur ákærði Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og segir í skýrslu Þóris Garðarssonar hjá radióeftirlitinu að hann hafi strax reynt að meina þeim aðgang, en að lokum hafi þeir fengið að fara upp á 3. hæð þar sem auglýsingastofan er. Fengu þeir að skoða húsakynni hennar, og fannst þar ekkert sem benti til þess að sendingin ætti sér stað þaðan.

Radióeftirlitsmennirnir gerðu kröfu til lögreglunnar um að fá að fara upp á þak hússins til að kanna loftnet og leiðslur frá þeim. Fór lögreglan fram

á þetta við ákærða Kjartan, en fékk neitun fyrr en hann hefði ráðfært sig við flokkinn á fundi næsta föstudag.

Magnús Einarsson aðstoðaryfirlögregluþjónn kom á vettvang áður en óskað var eftir því að fá að fara upp á þak hússins. Einnig var kominn í húsið borgarstjórinn í Reykjavík, Davíð Oddsson. Hafði hann samband við ráðherra póst- og símamála, en því starfi gegndi á þessum tíma Albert Guðmundsson. Upplýsti borgarstjóri eftir samtali við ráðherrann að þetta væri ekki gert með heimild og vitund hans. Hringdi borgarstjóri í ráðherrann aftur og gaf Magnúsi Einarssyni samband við hann. Að loknu því samtali tilkynnti Magnús að þar sem yfirmaður póst- og símamála hefði ekki veitt heimild fyrir þessum aðgerðum, þá stöðvaði lögreglan frekari aðgerðir í málinu og færi.

Hinn 5. október 1984 ritaði útvarpsstjóri ríkissaksóknara bréf og skýrði frá því, að frá miðvikudegi 3. október hefðu starfað ólöglega í Reykjavík tvær útvarpsstöðvar. Í bréfinu segir, að samkvæmt upplýsingum Póst- og símamálastofnunarinnar sé önnur stöðin starfrækt að Háaleitisbraut 1 í Reykjavík (Frjálst útvarp).

Í lok bréfsins segir að Ríkisútvarpið hafi samkvæmt lögum nr. 19, 1971 eitt heimild til útvarpsreksturs hér á landi. Er í bréfinu óskað eftir rannsókn málsins og að stöðvuð verði ólögleg starfsemi stöðvanna sem fyrst.

Radíóeftirlitið miðaði út útvarpsstöðina Frjálst útvarp á ný að kvöldi 7. október um klukkan 20 og komu sendingarnar nú frá Espigerði 4, en loftnet var staðsett á lyftuhúsi á þaki hússins. Segir í skýrslu radíóeftirlitsins dags. 8. október um þessa miðun að Frjálst útvarp hafi sent út á mismunandi tíðnum á hverjum degi að undanfögnu, en áður hafi sendirinn verið við Háaleitisbraut 1 og síðan við Austurbrún 2.

Með bréfi ríkissaksóknara dagsettu 8. október 1984 til rannsóknarlög-reglustjóra er lagt fyrir hann að hefjast handa um opinbera rannsókn málsins.

Síðdegis hinn 9. október 1984 mætti Ólafur Stephensen, Hraunhólum 16 í Garðabæ, á skrifstofum rannsóknarlögreglunnar og staðfesti að ákærði Kjartan Gunnarsson hefði hinn 4. október komið að máli við sig og óskað eftir því, að auglýsingastofa hans sæi um auglýsingamóttöku fyrir væntanlega útvarpsstöð og átti móttaka auglýsinganna að standa fram á næsta mánudag, en þá mundi útvarpsstöðin sjálf sjá um þetta. Tók Ólafur þetta verkefni að sér og gaf ákærða Kjartani upp símanúmer á auglýsingastofu sinni að Háaleitisbraut 1. Var síðan tekið við auglýsingum til klukkan 16 á föstudeginum og vissi Ólafur að þær áttu að birtast í útvarpsstöðinni Frjálst útvarp.

Að morgni 10. október 1984 mætti ákærði Kjartan Gunnarsson að eigin ósk hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og lýst yfir því að hann væri sem

formaður Félags um frjálst útvarp forsvarsmaður fyrir útvarpsstöðinni Frjálst útvarp, sem væri önnur áðurgreindra stöðva sem rannsóknin beindist að. Þá upplýsti ákærði Kjartan að stöðin væri starfrækt að Austurbrún 2, 13. hæð.

Ákærði Kjartan sagði að ákvörðun um rekstur útvarpsstöðvarinnar hefði verið tekin eftir hádegi 1. október eftir að ríkisútvarpinu hafði verið lokað. Var þessi ákvörðun tekin á fundi margra manna sem haldinn var á vegum ákærða. Voru allar helstu ákvarðanir teknar á heimili ákærða og ýmsum veitingastöðum.

Tækja til útsendinga var aflað hjá mörgum einstaklingum. Lagði ákærði til segulbandtæki og ákærði Eiríkur Ingólfsson, ákærði Hannes Hólmsteinn Gissurarson og Arnar Hákonarson o.fl. stóðu að tæknivinnu. Í upphafi voru tæki stöðvarinnar, sendir, loftnet og afspilunartæki, sett upp í bíl, sem ákærði Kjartan hafði að láni. Næst fóru tækin í leiguhúsnæði á 13. hæð að Austurbrún 2 í Reykjavík. Var húsfélagið leigusalinn. Þá var stöðin flutt að Espigerði 4 í Reykjavík og var staðsett á svölum efstu hæðarinnar.

Stöðin var síðan aftur flutt að Austurbrún 2 á þann stað er hún hafði verið áður, að því er ákærði best vissi. Margir störfuðu við útsendingar og allir unnu í sjálfboðastarfi. Var ákærða sagt að styrkur sendisins væri 10 wött.

Auglýsingar voru seldar og var það eini tekjustofninn. Gjöld og tekjur voru færðar til bókar. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar til að greiða rétthöfum tónlistarefnis lögboðnar greiðslur en tókst ekki vegna afstöðu forráðamanna Stefs og af sömu ástæðum var þess gætt að flytja ekki innlenda tónlist. Ákærða var kunnugt um 2. gr. útvarpslaga nr. 19, 1971 og skilningur hans á þeirri grein var að hún bryti í bága við stjórnarskrána.

Að lokum vildi ákærði taka fram að „Frjálstu útvarpi“ hefði gengið mjög vel að afla fréttu bæði hjá stjórnmalámonnum, m.a. forsætisráðherra, forráðamönnum aðila yfirstandandi kjaradeilu og öðrum þeim aðilum sem fjölmiðlar leituðu almennt fréttu hjá. Þá hefði verið lögð sérstök áhersla á að birta reglulega fréttir um veður og veðurhorfur, opnunartíma lyfjabúða, lækniþjónustu, samkomuhald og hverjar aðrar þær upplýsingar sem forráðamenn stöðvarinnar hefðu talið að almenningi kæmu vel í þeim algera fjölmiðlaskorti sem ríkt hefði síðan verkfall prentara stöðvaði útgáfu dagblaða mánuði áður og útsendingar hljóðvarps ríkisins og sjónvarps ríkisins hættu fyrirvaralaust um miðjan dag 1. október.

Ákærði Eiríkur og Hannes Hólmsteinn staðfestu báðir síðar í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni að þeir hefðu verið í fyrirsvari fyrir hópi manna sem staðið hefði að óformlegu félagi um áðurgreindan útvarpsrekstur.

Ákærði Kjartan skýrði rannsóknarlögreglunni síðar frá því að hann þver-tæki ekki fyrir það að sendirinn, loftnetið og afspilunartækin, allt eða hluti tækjanna, hefði ekki einhvern tíma á starfstíma stöðvarinnar komið inn í húsið Háaleitisbraut 1, enda þótt hann teldi að þau hefðu ekki verið notuð þar til reglubundinna útsendinga.

Ákærði Eiríkur kvað sitt starf við útvarpsreksturinn hafa verið að sam-ræma dagskrána og hefði aðsetur hans verið í heimahúsum, bílum og víðar. Hann kvaðst ekki vita til þess, að útsendingartækin hefðu verið að Háleitisbraut 1.

Ákærði Hannes Hólmsteinn sagði að fyrstu útsendingarnar hefðu verið úr bíl sem staðsettur hefði verið í Seláshverfinu og á bílastæðinu við Háaleitisbraut 1 og víðar.

Síðdegis 10. október mætti Erla Jónsdóttir deildarstjóri hjá Rannsóknar-lögreglu ríkisins fyrir dóminum og lagði fram kröfu um, að heimiluð yrði húsleit að Austurbrún 2, 13. hæð, og að heimilt yrði að leggja þar hald á tækjabúnað sem ætla mætti að væri notaður til útsendingar útvarps-efnis.

Úrskurður um framangreinda húsleit var kveðinn upp klukkan 16:45 þennan dag, og hófst leitin klukkan 17:25. Í áðurgreindum húsakynnum, samkomusal hússins, komu lögreglumenn að manni sem sat þar við borð með tækjabúnað fyrir framan sig. Á gólfinu var einnig tækjabúnaður og frá honum kapall út um glugga og í loftnet sem var staðsett á suðvestur-horni svala á sömu hæð. Virtist búnaður þessi notaður til útvarpssendinga.

Útsending var rofin og tækjabúnaður aftengdur af yfirmanni radióeftir-lits Pósts- og síma, Þóri Garðarssyni sem var í för með lögreglunni og með aðstoð manns þess, er var við útsendinguna. Voru tækin tekin í vörslur rannsóknarlögreglu og gerð skrá yfir þau af áðurgreindum Þóri. Er þar um að ræða búnað þann sem í ákæru málsins er upp talinn.

Samkvæmt upplýsingum útvarpsstjóra var reglubundnum útsendingum á dagskrá Ríkisútvarpsins hætt mánudaginn 1. október 1984 klukkan 13:04, en þá stóð yfir verkfall opinberra starfsmanna í BSRB. Samt var haldið uppi þeirri öryggisþjónustu er Kjaradeilunefnd ákvað 30. september. Útvarpað var á Rás 1 veðurfregnum og veðurlýsingum á venjulegum veður-fregnatíma. Í þessum tímum skyldi einnig lesa tilkynningar frá Tilkynninga-skyldu skipa, lögreglu, Vitamálastjóra, Almannaöryrnum. Slysavarnafélagi Íslands og björgunarsveitum og nauðsynlegar tilkynningar stjórnvalda varðandi öryggis- og heilsugæslu.

Fréttasendingar Ríkisútvarpsins hófust laugardaginn 6. október með kvöldfréttum kl. 19. Eftir það var útvarpað fréttum tvisvar á dag, kl. 12:30 og kl. 19, fram til 30. október. Frá og með mánudeginum 8. október sendi Ríkisútvarpið út tón og getið var um klukkuna á heilum tímum. Frá og

með 12. október voru lesnar dánarfregnir frá Biskupsstofu að loknum fréttalestri.

Útvarp Ríkisútvarpsins með venjubundnum hætti hófst að loknu áður-greindu verkfalli þriðjudaginn 30. október klukkan 23:26.

Útsendingar Ríkisútvarpsins 6. október hófust þegar Kjaradeilunefnd hafði ákveðið, að þær útsendingar skyldu hefjast að fengnum tilmælum útvarpsstjóra og útvarpsráðs Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuveitendasambandi Íslands skall á verkfall Félags bókagerðarmanna 10. september 1984 og stóð það til 22. október 1984.

Ákærðu hafa allir viðurkennt við meðferð málsins að hafa, þrátt fyrir fulla vitneskju um lagaákvæði um einkarétt ríkisútvarpsins á útvarpi og sama rétt ríkisins á uppsetningu fjarskiptavirkja, staðið að því að stofna og reka útvarpsstöð í Reykjavík undir nafninu Frjálst útvarp og síðan hinn 3. október 1984 hafið útsendingar útvarpsefnis í tali og tónum til viðtöku fyrir almenning og haldið því áfram daglega til 10. s.m., að lögreglan lagi hald á tækjabúnað stöðvarinnar.

Ákærðu telja sig ekki hafa brotið lög með framangreindu vegna ákvæða stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og vegna neyðarréttarsjónarmiða sem skapast höfðu vegna ólöglegar vinnustöðvunar starfsmanna Ríkisútvarpsins. Segist ákærði Hannes hafa leitað til sérfróðra manna um álit á málinu og þeir dregið fram ýmis sjónarmið er styddu það að ekki væri um lögbrot að ræða. Bæri þar fyrst að nefna að einkaréttur ríkisútvarpsins væri niður fallinn vegna stórkostlegra og vítaverðra vanefnda þess, þar sem engir aðrir fjölmiðlar voru starfandi í landinu. Í annan stað telur ákærði Hannes að ákvæði útvarpslaga verði að skýra í ljósi tíðaranda og tækniþróunar. Í þriðja lagi telur hann að það hafi verið borgarleg skylda sín við þessar sérstöku aðstæður að standa að þeirri upplýsingaöflun sem væri forsenda lýðræðis.

Ákærði Hannes kveðst hafa samið fréttir ásamt fleirum fyrir útvarpsstöðina, en hafði ekkert með útsendingar að gera né hinir ákærðu.

Niðurstöður.

Með eigin játningum ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu er sannað að ákærðu hafi staðið að þeirri háttsemi sem lýst er í ákæru málsins. Ákærðu hafa allir lýst því yfir að þeir telji sig ekki hafa gerst brotlegir með því við lagaákvæði þau, er þar greinir.

Samkvæmt lögum nr. 19, 1971 er kveðið á um einkarétt Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri og brýtur háttsemi ákærðu í bága við þann rétt. Í 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944 er mælt fyrir um prentfrelsi. Verður ekki

fallist á það, sem haldið er fram af hálfu ákærðu, að lög þessi brjóti í bága við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og að ekki sé heimilt að hefta tjáningarfrelsi þegnanna með einkarétti ríkisins til útvarpsreksturs.

Sú staða, sem upp kom er reglubundnar útsendingar Ríkisútvarpsins hættu vegna þess að starfsmenn þess lögðu niður störf, telst á engan hátt jafngilda afsali á einkarétti ríkisins til útsendinga, enda leituðu forráðamenn Ríkisútvarpsins eftir því við kjaradeilunefnd að tilteknir starfsmenn mættu starfa þrátt fyrir vinnustöðvunina og fengu það samþykkt. Var þá útvarpað veðurspám og veðurlýsingum auk ýmissa tilkynninga vegna öryggis- og heilsugæslu. Hér var fyrst og fremst um ómöguleika ríkisvaldsins á reglubundnum útsendingum að ræða sem ekki skapaði sjálfstæðan rétt fyrir ákærðu eða aðra til að standa að útvarpsrekstri, hvorki dagana, sem nær ekkert var útvarpað né heldur eftir að takmarkaðar útvarpssendingar hófust hinn 6. október.

Þá hefur því verið haldið fram af hálfu ákærðu, að þeim hafi verið útvarpsreksturinn heimill vegna neyðarréttar. Þessari málsvörn er hafnað, enda liggur ekkert fyrir um það, að neyðarástand hafi skapast í þjóðfélaginu á einn eða annan hátt þótt útvarpssendingar og blaðaútgáfa hætti. Ekki verður heldur séð að neinar skyldur hafi hvílt á ákærðu til útvarpsreksturs þótt neyðarástand kynni að hafa skapast, enda var þá opið tækifæri að nýta Ríkisútvarpið, þar sem starfsmenn þess voru á vakt þrátt fyrir verkfallið.

Enn halda ákærðu því fram að ákvæðið um einkarétt Ríkisútvarpsins hafi í reynd verið orðið óvirkt, þar sem yfirvöld hafi bæði fyrir og eftir útvarpsrekstur ákærðu látið ótalda samskonar starfsemi annarra manna í landinu og fært fram sönnur fyrir því að greiddur hafi verið söluskattur í einu tilviki af slíkri starfsemi allt frá miðju ári 1983. Ekki verður á þetta fallist. Aðgerðaleysi ríkisvaldsins gegn brotum annarra manna leiðir ekki til niðurfalls á refsínæmi á háttsemi ákærðu í máli þessu.

Hinn 1. janúar sl. tóku gildi ný útvarpslög, nr. 68, 1985. Samkvæmt þeim fellur niður einkaréttur Ríkisútvarpsins og má veita öðrum leyfi til útvarpsreksturs. Hér er verið að veita öðrum en ríkinu tækifæri til útvarpsreksturs, en þó með skilyrðum. Þessi breytta skipan sýnir þó ekki breytta skoðun löggjafans á því að hver sem er geti stofnað til útvarpsreksturs án þess að það varði viðurlögum. Verður að telja að sú háttsemi, sem ákærðu er gefin að sök, varði bæði við eldri og nýrri útvarpslög.

Ákærðu þykja með háttsemi sinni hafa gerst brotlegir við 2. gr., sbr. 24. gr. útvarpslaga nr. 19, 1971, sbr. nú 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. mgr. 37. gr. útvarpslaga nr. 68, 1985, sbr. 186. gr. og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um fjarskipti nr. 73, 1984.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt vottorðum frá sakaskrá ríkisins hafa ákærðu ekki sætt áður kæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Ákvörðun refsinga.

Refsing ákærðu Kjartans Gunnarssonar, Eiríks Ingólfssonar og Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar hvers um sig þykir hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðast skal innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja, en ella sæti þeir hver um sig varðhaldi í 15 daga.

Upptökukrafa.

Með heimild í 1. mgr. 23. gr. laga nr. 73, 1984, þykir rétt að dæma ákærðu vegna Félags um frjálst útvarp, svo sem í ákæru er krafist, til upptöku til ríkissjóðs á þrem segulböndum, einum straumgjafa, einum blandara, einum sendi, einum hljóðnema, einum standbylgjumæli, einni viftu, tveim framlengingarsnúrum, einni sammiðjusnúru, fjórum snúrum og loftneti ásamt sammiðjustreng sem talinn er 10-15 metrar.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað óskipt, þar með málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Kjartan Gunnarsson, Eiríkur Ingólfsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, greiði hver um sig 20.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærðu sæti vegna Félags um frjálst útvarp upptöku til ríkissjóðs á þrem segulböndum, einum straumgjafa, einum blandara, einum sendi, einum hljóðnema, einum standbylgjumæli, einni viftu, tveimur framlengingarsnúrum, einni sammiðjusnúru, fjórum snúrum og loftneti ásamt sammiðjustreng, sem talinn er 10-15 metrar.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.